

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 1

5. árgangur

8.1.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

| | | |
|-------------|--|---|
| 98/EES/1/01 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1045 - DFO/Scandlines) | 1 |
| 98/EES/1/02 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1064 - Bombardier/Deutsche Waggonbau) | 2 |
| 98/EES/1/03 | Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1072 - Bertelsmann/Burda/Futurekids) | 2 |
| 98/EES/1/04 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1073 - Metallgesellschaft/Klöckner Chemiehandel) | 3 |
| 98/EES/1/05 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1088 - Thomson/Fritidsresor) | 4 |
| 98/EES/1/06 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1089 - Paribas Belgique/Paribas Nederland) | 4 |

| | | |
|-----------------------|---|----|
| 98/EES/1/07 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1093 - Ecia/Bertrand Faure) | 5 |
| 98/EES/1/08 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines) | 6 |
| 98/EES/1/09 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 43/97 - Þýskaland | 6 |
| 98/EES/1/10 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 47/97 - Þýskaland | 7 |
| 98/EES/1/11 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 50/97 - Frakkland | 7 |
| 98/EES/1/12 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 62/97 - Austurríki | 7 |
| 98/EES/1/13 | Orðsending frá Ítalíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni | 8 |
| 98/EES/1/14 | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir | 9 |
| 3. Dómstóllinn | | |
| 98/EES/1/15 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna | 11 |
| 98/EES/1/16 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi | 13 |

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1045 - DFO/Scandlines)

98/EES/1/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Deutsche Bahn AG („DB”) og danska samgönguráðuneytið („DS”) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð í Scandlines AG („SAG”), nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. DB og DS munu flytja eignarhluti sína í Deutsche Fährgesellschaft Ostsee mbH („DFO”) og Scandlines A/S („SAS”) til sameiginlega fyrirtækisins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DB: farþega- og vöruflutningar með járnbrautum í Þýskalandi sem og ferjusamgöngur og tengd starfsemi í Eystrasaltslöndunum,
 - DS: farþega- og vöruflutningar með járnbrautum í Danmörku, ferjusamgöngur og tengd starfsemi í Eystrasaltslöndunum sem og reglubundnar ferjusamgöngur á Stórabelti og Eyrarsundi,
 - DFO: ferjusamgöngur og tengd starfsemi í Eystrasaltslöndunum,
 - SAS: ferjusamgöngur og tengd starfsemi í Eystrasaltslöndunum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 395, 31. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1045 - DFO/Scandlines, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1064 - Bombardier/Deutsche Waggonbau)****98/EES/1/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Bombardier Inc., Montréal öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Deutsche Waggonbau AG, Berlín, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bombardier Inc.: aðallega smíði, þróun, framleiðsla og markaðssetning á flutningstækjum, sem og starfsemi á sviði flugvéla- og bílaiðnaðarins og á sviði varnarmála,
 - Deutsche Waggonbau AG: aðallega framleiðsla og dreifing á járnbrautavögnum (farþega- og vöruflutningavögnum) og járnbrautafhlutum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stj.ÉB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1064 - Bombardier/Deutsche Waggonbau, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1072 - Bertelsmann/Burda/Futurekids)****98/EES/1/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 11. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Reinhard Mohn GmbH, sem stjórnad er af Bertelsmann AG, Gütersloh („Bertelsmann“), og Burda New Media GmbH, sem er undir stjórn Burda Holding GmbH & Co. KG, Offenburg („Burda“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð í fyrirtækinu Futurekids Franchising System GmbH & Co. Dienstleistungen KG, München (Futurekids Deutschland) sem hingað til hefur að öllu leyti verið í eigu Burda.
2. Bertelsmann og Burda annast fjölmiðlastarfsemi. Fyrirhugaða fyrirtækið um sameiginlegt verkefni Futurekids Deutschland er helsti þýski leyfisveitandi ameríska fyrirtækisins US Futurekids Inc. Viðskiptastarfsemi þess tekur til tölvuvinnslu-menntunarmiðstöðva fyrir börn, ungt fólk og fullorðna, einkum í gegnum leyfishafa.
3. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 26. 11. 1997. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 17. 12. 1997. Þar með öðlaðist tilkynningin gildi 17. 12. 1997.

⁽¹⁾ Stj.ÉB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stj.ÉB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

4. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1072 - Bertelsmann/Burda/Futurekids, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1073 - Metallgesellschaft/Klöckner Chemiehandel)**

98/EES/1/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Metallgesellschaft AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Klöckner Chemiehandel GmbH með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Metallgesellschaft AG: aðallega viðskipti með og framleiðsla á kemískum efnum, sem og byggingarstarfsemi og -tækni,
 - Klöckner Chemiehandel GmbH: aðallega viðskipti með og framleiðsla á lífrænum og ólífrænum kemískum efnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1073 - Metallgesellschaft/Klöckner Chemiehandel, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1088 - Thomson/Fritidsresor)****98/EES/1/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Thomson International S.A., sem stjórnad er af The Thomson Corporation, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Fritidsresor AB með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - The Thomson Corporation: upplýsingaþjónusta og útgáfustarfsemi, blaðaútgáfa, þjónusta á sviði ferðamála og leiguflug,
 - Fritidsresor AB: þjónusta á sviði ferðamála, leiguflug og hótelpjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1088 - Thomson/Fritidsresor, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1089 - Paribas Belgique/Paribas Nederland)****98/EES/1/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem belgíska fyrirtækið Banque Paribas Belgique, sem tilheyrir ARCO-samstæðunni) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hollenska fyrirtækinu Banque Paribas Nederland með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Banque Paribas Belgique: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - Banque Paribas Nederland: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1093 - Ecia/Bertrand Faure)

98/EES/1/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Ecia, sem tilheyrir Peugeot-samstæðunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Bertrand Faure með yfirtökubóði sem var auglýst 11. desember 1997.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ecia: íhlutar í bifreiðir og framleiðsla bifhjóla,
 - Bertrand Faure: bílasæti, farangursgrindur og hlutir fyrir flugiðnaðinn.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1093 - Ecia/Bertrand Faure, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines)****98/EES/1/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 12. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Caterpillar Inc. („Caterpillar“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir dísilvélarviðskiptum sem nú er í höndum Lucas Varsity plc undir vörueitinu Perkins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Caterpillar: landbúnaðarvélar, dísilvélar og útveggun fjármagns,
 - Perkins: dísilvélar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 394, 30. 12. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1094 - Caterpillar/Perkins Engines, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 43/97
Þýskaland****98/EES/1/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna einkavæðingar á fyrirtækinu Gröditzer Stahlwerke GmbH og dótturfyrirtæki þess Walswerk Burg GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 395 frá 31. 12. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 47/97
Þýskaland

98/EES/1/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem Þýska sambandsstjórnin veitti hreinsunarstöðinni Leuna 2000 (Saxlandi-Anhalt) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 394 frá 30. 12. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 50/97
Frakkland

98/EES/1/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna endurskipulagningaraðstoðar til fyrirtækisins Lainière de Roubaix (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 392 frá 24. 12. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 62/97
Austurríki

98/EES/1/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Actual Maschinenbau AG (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 390 frá 23. 12. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

Orðsending frá Ítalíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

98/EES/1/13

Þann 4. júlí 1997 lagði fyrirtækið Italmin Petroli S.r.l., sem er með höfuðstöðvar í Róm, 44 Lungotevere dei Mellini, fram umsókn samkvæmt sikileyiskum lögum nr. 30 frá 20. mars 1950 um leyfi til að leita að olíu og gasi á 46 750 hektara svæði, sem gengur undir nafninu „Enna” og liggur á svæði innan bæjarfélaganna Enna, Valguarnera, Caropepe, Piazza Armerina, Assoro, Aidone, Regalbuto, Agira, og Villarosa í héraðinu Enna, og Raddusa, Ramacca og Castel di Judicia í héraðinu Catania (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 3, 7. 1. 1998).

Umsóknargögn liggja frammi hjá Hydrocarbons Section, Regional Minerals Office, via Cimabue 2, 90145 Palermo, og eru aðgengileg til almennrar athugunar.

Þessi auglýsing verður birt í Stjórnartíðindum Sikileyjar, Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og fimmtán daga samfleytt í þinglýsingarskrám viðkomandi bæjarfélaga.

Unnt er að bera fram mótmæli annaðhvort á þinglýsingartímabilinu við bæjarstjóra bæjarfélaganna sem um getur hér að framan, eða síðar á fyrrnefndri skrifstofu (þ.e. Regional Minerals Office).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/1/14

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

| Tilvísun ⁽¹⁾ | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾ |
|--|--|---|
| 97-0654-NL | Reglugerð um skipulagningu og eftirlit með leiguflugi | 28.11.1997 |
| 97-0745-F | Úrskurður um skilgreiningu á sinnepi | 5.1.1998 |
| 97-0746-F og 97/6013/F | Úrskurður nr. ... um breytingu á úrskurði nr. 92-377 frá 1. apríl 1992 um beitingu laga nr. 75-633 frá 15. júlí 1975, um förgun úrgangs og endurnýtingu á efni, gagnvart umbúðaúrgangi | ⁽⁵⁾ |
| 97-0786-I | Drög að dreifibréfi um lyf sem ekki eru lyfseðilskyld - skilgreining, flokkun og upplýsingar | 4.2.1998 |
| 97-0820-E | Drög að konunglegum úrskurði um samþykki á almennum forskriftum að ökutækjum | 3.3.1998 |
| 97-0713-D | Tæknilegar reglugerðir um gufukatla (TRD 201 viðauki 1) - logsuða stálhluta, leiðbeiningar um aðferðaprófun | 17.12.1997 |
| 97-0721-D | Tæknilegar reglur um forskrift að þrýstihylkjum - rör (TRR 100) - byggingarforskriftir - málmrör | 22.12.1997 |
| 97-0787-NL | Frumvarp að lögum um breytingu á tilteknum skattalögum ásamt viðauka 1998 (skattatengdir umhverfisstyrkir), G-hluti VI. gr. í lögum um umhverfisskatta (36. gr. j) | ⁽⁵⁾ |
| 97-0606-NL | Tilkynning til úthafsútgerðarinnar um breytingu á tilkynningu til úthafsútgerðarinnar nr. 11/1989 (akkerisbúnaður) | 24.11.1997 |
| 97-0825-B | Konunglegur úrskurður um pappírs- og /eða pappavörur sem eru settar í umferð og falla undir umhverfisskatt | ⁽⁵⁾ |
| 97-0826-B | Drög að lögum um breytingu á III. hluta almennra laga frá 16. júlí 1993 um endanlegt skipulag sambandsríkjanna | ⁽⁵⁾ |
| 97-0827-B | Drög að lögum um breytingu á almennum lögum frá 16. júlí 1993 um endanlegt skipulag sambandsríkjanna | ⁽⁵⁾ |
| 97-0828-A | Fyrirmæli um leyfileg hávaðamörk í almennu flugi (ZIZV) | 3.3.1998 |
| 97-0833-UK | Forskrift að mælíbúnaði (fljótandi eldsneyti og smurningsefni) (Norður-Írland) 1998 | 3.3.1998 |
| 97-0834-A | Fjarskiptaforsskrift um þráðlaus, staðbundin hágæðanetkerfi (HIPERLAN) (FTV 509) | 3.3.1998 |
| 97-0838-FIN | Drög að forskrift um smíði og uppsetningu á landgangi (framstefni) í ekjuferjum | 4.3.1998 |
| 97-0839-NL | Fóðurvöruforskrift um MINAS-viðurkenningarkerfi fyrir fóðurbirgja, 1997 | ⁽⁵⁾ |
| 97-0830-F | Drög að forskrift um gerð skrár yfir dulmálaðferðir o.s.frv. sem eru undanþegnar formlegri meðferð | 2.3.1998 |
| ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ | | |

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/1/15

Dómur dómstólsins frá 23. október 1997 í máli C-157/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, gegn konungsríkinu Hollandi sem stutt er af Lýðveldinu Frakklandi og Írlandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - einkaréttur til að flytja inn rafmagn til almennrar dreifingar).

Dómur dómstólsins frá 23. október 1997 í máli C-158/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, gegn Lýðveldinu Ítalíu sem stutt er af Lýðveldinu Frakklandi og Írlandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - einkaréttur til inn- og útflutnings á rafmagni).

Dómur dómstólsins frá 23. október 1997 í máli C-159/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, gegn Lýðveldinu Frakklandi sem stutt er af Írlandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - einkaréttur til inn- og útflutnings á gasi og rafmagni).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 23. október 1997 í máli C-150/95: Lýðveldið Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sem stutt er af ráði Evrópusambandsins (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - reglugerð (EB) nr. 307/95 - fræ sem innihalda olú - endanleg svæðisbundin viðmiðunarfrjárhæð - portúgalskir framleiðendur útilokaðir frá því að njóta góðs af jöfnunaraðgerðum vegna umframmagns og magns sem ekki er nýtt í bandalaginu í heild - málshöfðun til ógildingar).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 23. október 1997 í máli C-375/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd skuldbindinga - skattlagning á vélknúin ökutæki - mismunum).

Dómur dómstólsins frá 4. nóvember 1997 í máli C-337/95 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Parfums Christian Dior SA og Parfums Christian Dior BV gegn Evora BV (vörumerkjaréttur og höfundaréttur - mál höfðað af handhafa þessara réttinda til að koma í veg fyrir að endurseljandi haldi áfram að auglýsa vörur í viðskiptaskyni - ilmvatn).

Dómur dómstólsins frá 4. nóvember 1997 í máli C-20/96 (beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner): Kelvin Albert Snares gegn The Adjudication Officer (almannatryggingar - sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur - 2. mgr. a í 4. gr. og 10 gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 - örorkubætur - réttur sem ekki er unnt að yfirfæra til annarra landa).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 6. nóvember 1997 í máli C-116/96 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Reisebüro Binder GmbH gegn Finanzamt Stuttgart-Körperschaften (sjötta tilskipun um virðisaukaskatt - fólksflutningar milli landa - staður þar sem flutningsþjónustan er veitt og hún skattlögð).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 6. nóvember 1997 í máli C-164/96 (beiðni um forúrskurð frá Consiglio di Stato): Regione Piemonte gegn Saiagricola SpA (reglugerð (EBE) nr. 797/85 - ólík meðferð á einstökum landeigendum og lögpersónum).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 6. nóvember 1997 í máli C-261/96 (beiðni um forúrskurð frá Corte d'Appello di Venezia): Conserchimica Srl gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (tollgjöld - innheimta innflutningsgjalds eftir tollmeðferð - frestur).

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB nr. C 387, 20. 12. 1997.

Mál C-358/97: Mál höfðað þann 21. október 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-359/97: Mál höfðað þann 21. október 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Mál C-365/97: Mál höfðað þann 22. október 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-370/97: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof, Austurríki, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 7. október 1997 í máli 1) The Polo/Lauren Company LP og 2) Poloco SA gegn Jürgen Denz, sem rekur viðskipti undir heitinu Jeans & More.

Mál C-372/97: Mál höfðað þann 28. október 1997 af Lýðveldinu Ítalíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-374/97: Beiðni um forúrskurð frá Bayerischer Verwaltungsgerichtshof, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 20. október 1997 í máli Anton Feyrer gegn Landkreis Rottal-Inn (einnig aðili að málinu: Landesanstalt für Bayern sem málssvari hins opinbera hagsmunaaðila).

Mál C-375/97: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce (önnur deild), Tournai, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 30. október 1997 í máli General Motors Corporation gegn Yplon SA.

Mál C-378/97: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank Rotterdam, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 30. október 1997 í sakamáli á hendur Florus Ariël Wijsenbeek.

Mál C-379/97: Beiðni um forúrskurð frá Sø- og Handelsretten samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 31. október 1997 í máli Upjohn SA, Danmark gegn Paranova A/S.

Mál C-380/97: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank, den Haag, samkvæmt fyrirmælum forseta þess dómstóls frá 4. nóvember 1997 í máli Emesa Sugar (Free Zone) NV gegn 1. konungsríkinu Hollandi 2. hollenska ríkinu, 3. Hollensku Antillaeyjum og 4. Aruba.

Mál C-381/97: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance, Nivelles (núnda deild), samkvæmt dómi þess dómstóls frá 3. nóvember 1997 í máli Belgocodex SA gegn belgíska ríkinu.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/1/16

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 21. október 1997 í máli T-229/94: Deutsche Bahn AG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - flutningar með jarnbrautum á gámum fyrir sjóflutninga - reglugerð (EBE) nr. 1017/68 - samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir - yfirburðarstaða - misnotkun - sekt - matsviðmið - meðalhófsreglan - réttur varnaraðila - aðgangur að málgögnum - meginreglan um réttaröryggi).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. október 1997 í máli T-239/94: Association des Aciéries Européennes Indépendantes (EISA) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (KSE - málshöfðun til ógildingar - ríkisaðstoð - einstakar ákvarðanir sem heimila ríkisaðstoð til stálfyrirtækja - ósamrýmanleiki við ákvæði bandalagsins - afturvirkni - b- og c-liður 4. gr. og fyrsta og önnur málsgrein 95. gr. sáttmálans).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. október 1997 í máli T-243/94: British Steel plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (KSE - málshöfðun til ógildingar - ríkisaðstoð - einstakar ákvarðanir sem heimila ríkisaðstoð til stálfyrirtækja - skortur á lögsögu - verndun réttmætra væntinga - ósamrýmanleiki við ákvæði sáttmálans - mismunun - ófullnægjandi rökstuðningur - brot á réttindum varnaraðila - b- og c-liður 4. gr., 15. gr. og fyrsta og önnur málsgrein 95. gr. sáttmálans).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. október 1997 í máli T-244/94: Wirtschaftsvereinigung Stahl o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (KSE - málshöfðun til ógildingar - einstakar ákvarðanir sem heimila ríkisaðstoð til stálfyrirtækja - misnotkun valds - verndun lögmætra væntinga - ósamrýmanleiki við ákvæði sáttmálans - mismunun - ófullnægjandi rökstuðningur - brot á réttindum varnaraðila - b- og c-liður 4. gr., 15. gr. og fyrsta og önnur málsgrein 95. gr. sáttmálans).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 5. nóvember 1997 í máli T-331/94: IPK-München GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fjárstyrkur til vistvænnar ferðamálaáætlunar - lækkun - beiðni um ógildingu - mál dómtækt - gildistaka - réttaröryggi - lögmætar væntingar - rökstuðningur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 5. nóvember 1997 í máli T-149/95: Etablissements J. Richard Ducros gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - aðstoð til endurskipulagningar - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar - ógilding - mál dómtækt).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 22. október 1997 í sameinuðum málum T-213/95 og T-18/96: Stichting Certificatie Kraanverhuurbedrijf (SCK) og Federatie van Nederlandse Kraanverhuurbedrijven (FNK) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - færanlegir kranar - 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu - meðferð innan hæfilegs frests - vottunarkerfi - bann við leigu - gjöld sem mælt er með - innri stig - sektir).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. nóvember 1997 í máli T-218/95: Azienda Agricola 'Le Canne' Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður - fiskveiðar - fiskeldi og myndun verndaðra sjávarsvæða - fjárstuðningur bandalagsins - yfirlýsing um að ekki sé hægt að veita ríkisstyrk vegna tiltekinna útgjalda - málshöfðun til ógildingar - skaðabótamál).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. nóvember 1997 í máli T-84/96: Cipeke - Comércio e Indústria de Papel Lda gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu - ákvörðun um að draga úr fjárhagsaðstoð - krafa um rökstuðning).

Mál T-263/97: Mál höfðað þann 2. október 1997 af Associazione G.A.L. Penisola Sorrentina gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-265/97: Mál höfðað þann 12. maí 1997 af Regione Toscana gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-269/97: Mál höfðað þann 13. október 1997 af Azienda Agricola Tre e Mezzo gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjtið. EB nr. C 387, 20. 12. 1997.

Mál T-274/97: Mál höfðað þann 16. október 1997 af Società Ca'Pasta s.r.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-279/97: Mál höfðað þann 24. október 1997 af DFDS Transport B.V. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-280/97: Mál höfðað þann 24. október 1997 af Wilson Holland B.V. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-281/97: Mál höfðað þann 27. október 1997 af Milk Products Holdings (Europe) Limited o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-396/94 tekið af málaskrá: Centrale Bewerkingseenheid (CBE) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. september 1997 í máli T-151/95: Instituto Europeu de Formação Profissional Lda (INEF) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu - lækkun á fjárhagsaðstoð - málshöfðun til ógildingar - frestir - frávísun).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. september 1997 í máli T-122/96: Federazione Nazionale del Commercio Oleario (Federolio) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður - sameiginleg markaðsskipulagning - ólívuolía - reglugerð (EB) nr. 887/96 - málshöfðun til ógildingar - samtök verslunarmanna - máli vísað frá).

Mál T-23/97 tekið af málaskrá: AEVP - Associação das Empresas de Vinho do Porto gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna .

Mál T-134/97 tekið af málaskrá: Kesko Oy gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.